

Fundargerð 84. fundar stýrihóps Stjórnarráðsins um byggðamál
Fundur haldinn í innviðaráðuneytinu, 3. október 2022, kl. 13:00

Dagskrá:

1. Framvinda sóknaráætlanasamninga 2021. Greinargerð stýrihópsins.
2. Haustfundir stýrihóps með landshlutasamtökum sveitarfélaga.
3. Byggðaaætlun – aðgerðaaætlun 2022-2026.
4. Svæðisgarðurinn Snæfellsnes.
5. Önnur mál.

Mættir: Hólmfríður Sveinsdóttir formaður (IRN), Anna Borgþórsdóttir Olsen (FJR), Baldur Þ. Guðmundsson (MVF), Elísabet Linda Þórðardóttir (DMR), Hafþór Einarsson (MRN), Magnús Örn Agnesar Sigurðsson (URN), Sigrún Ólafsdóttir (FOR), Berglind Kristinsdóttir (landshlutasamtökunum) og Sigríður K. Þorgrímsdóttir (Byggðastofnun), sem ritaði fundargerðina.

Í fjarfundi: Bryndís Eiríksdóttir (MAR, fór kl. 14), Anna Katrín Einarsdóttir (HVIN, fór kl. 14:05), Bryndís Þorvaldsdóttir (HRN, fór kl. 14:20) og Valgerður Rún Benediktsdóttir (Sambandinu).

Fjarverandi: Andri Júlíusson (UTN), Eva Margrét Kristinsdóttir (FRN) og Reinhard Reynisson (Byggðastofnun).

Auk áðurtalinna sat Ragnhildur Sigurðardóttir framkvæmdastjóri Svæðisgarðsins á Snæfellsnesi hluta fundarins í fjarsambandi.

Formaður setti fund og hóf boðaða dagskrá. Hún bauð Sigrúnu Ólafsdóttur (FOR) velkomna, en hún mun leysa Pétur Berg Matthíasson af til áramóta.

Umfjöllun og afgreiðsla:

1. Framvinda sóknaráætlanasamninga 2021. Greinargerð stýrihópsins.

Verkefnisstjóri fór yfir helstu tölur úr greinargerð um sóknaráætlun landshluta fyrir árið 2021. Greinargerðin er ekki enn tilbúin til birtingar, sem er fyrst og fremst vegna þess að dregist hefur að setja fram töflu um kyn umsækjenda og styrkþega í uppbyggingarsjóði, m.a. vegna þess hvernig kyngreindar upplýsingar eru settar fram. Þessi úrvinnsla seinkar verklokum nokkuð, en væntanlega verður greinargerðin send út til yfirlestrar stýrihóps og landshlutasamtaka á næstu dögum.

2. Haustfundir stýrihóps með landshlutasamtökum sveitarfélaga.

Búið er að boða fund þann 24. nóvember með SASS á Suðurlandi og tillaga að dagsetningu fundar með SSNE á Akureyri liggur fyrir. Óskað hefur verið eftir mögulegum dagsetningum fyrir teamsfundi hjá hinum sex samtökunum, en viðbrögð hafa aðeins borist frá einum af sex og verður ýtt á eftir á næstu dögum. Rætt var um þennan lið og ákveðið að óska eftir því við SSNE að fundardagur á Akureyri verði annað hvort 1. eða 3. nóvember í stað 2. nóv., eins og tillagan gerði ráð fyrir.

3. Byggðaaætlun – aðgerðaaætlun 2022-2026.

Formaður gerði grein fyrir stöðu aðgerðaaætlunar.

4. Svæðisgarðurinn Snæfellsnes.

Ragnhildur Sigurðardóttir framkvæmdastjóri Svæðisgarðsins Snæfellsnes kynnti starfsemina og stöðu svæðisgarðsins og uppbygginguna og hvernig hann virkaði sem byggðaþróunarverkefni. Hún lagði m.a. áherslu á eignarhald heimamanna sem skapar mikla virkni í verkefninu. Svo kynnti hún nokkur verkefni á vegum svæðisgarðsins og þá fyrirætlun að sækja um í UNESCO Man & Biosphere

(vistvanga). Gott samstarf er við SSV, markaðsstofu og ótal aðra aðila. Hún óskaði eftir auknu samstarfi við ríkisvaldið og nefndi að svæðisgarðurinn gæti orðið e.k. tilraunaverkefni. Nokkrar umræður urðu um kynninguna, spurt um samstarf við SSV, hvernig starfsemi þjóðgarðs og vistvangs fer saman og hver munur er á jarðvangi og vistvangi.

5. Önnur mál.

Verkefnisstjóri ræddi um hvaða leiðir eru færar varðandi kynningu sóknaráætlana, en í ljós hefur komið að of dýrt er að gera lénið www.soknaraetlun.is að veglegri heimasíðu fyrir sóknaráætlanir.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 14:25